

Miðvikudaginn 7. febrúar 1973.

Nr. 142/1972. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)  
gegn

**Stefáni Ingólfssyni**

(Skúli J. Pálmason hrl.).

**Dómenður:**

hæstaráttardómarnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson,  
Einar Arnalds og Magnús P. Torfason og Einar Ingimundarson  
bæjarfógeti.

Bifreiðar. Of hraður bifreiðarakstur. Brot gegn umferðarlögum.

**Dómur Hæstaréttar.**

Eftir uppsögu hins áfrýjaða dóms hafa lögreglumenn þeir, er í héraðsdómi getur, komið fyrir dóm og staðfest vætti sín með eiði. Ákærði hefur og komið aftur fyrir dóm og eiginkona hans, Guðrún Ragnarsdóttir, hefur gefið skýrslu fyrir dómi, en hún hefur ekkert getað borið um hraða bifreiðarinnar.

Málsatvik eru rakin í héraðsdómi, og þykir mega staðfesta ákvæði hans um refsingu ákærða og greiðslu sakarkostnaðar, þó svo, að frestur til greiðslu sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa að telja, en brot ákærða varða við þau ákvæði umferðarlaga nr. 40/1968, er í ákæru greinir.

Akstur ákærða var mjög hraður og vítaverður. Samkvæmt mælingu lögreglumanna og framburði ákærða ók hann bifreiðinni með um 90 km hraða miðað við klukkustund niður Ártúnsbrekku, og eftir mælingu og framburðum lögreglumanna jók hann síðar hraðann í um eða yfir 100 km miðað við klukkustund, en þá kveðst ákærði ekki hafa litið á hraðamæli bifreiðar sinnar. Þykir því rétt samkvæmt 81. gr. umferðarlaga að svipta hann ökuréttindum 1 mánuð frá birtingu dóms þessa að telja.

Dæma ber ákærða til að greiða kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns, kr. 8.000.00, en saksóknarlauna hefur ekki verið krafizt.

## Dómsorð:

Ákvæði héraðsdómsins um refsingu ákærða og greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Stefán Ingólfsson, er sviptur ökuréttindum 1 mánuð frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Skúla J. Pálmasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur sakadóms Reykjavíkur 19. apríl 1972.**

Ár 1972, miðvikudaginn 19. apríl, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur sem háð var í Borgartúni 7 af Ólafi Þorlákssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 213/1972: Ákærvaldið gegn Stefáni Ingólfssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er með ákæruskjali, dagsettu 21. janúar 1972, höfðað „á hendur Stefáni Ingólfssyni skriftvélavirkja, Hraunbæ 40, Reykjavík, fæddum þar í borg 12. maí 1946, fyrir að aka laugardagskvöldið 16. janúar 1971 bifreiðinni R 1003 á vítaverðan hátt niður Elliðaárbrekku og vestur Miklubraut í Reykjavík með því að aka á allt of miklum hraða, eða allt að 110 km miðað við klst. og aka á þessum hraða fram úr bifreið á mótum Elliðavogar, en lögreglumenn náðu að stöðva akstur ákærða við Réttarholtsveg.

Telst þetta varða við 1. mgr. og 3. mgr. c liðs 49. gr. og 1. mgr. 50 gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku-leyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir.

Laugardaginn 16. janúar 1971, kl. 2235, voru tveir lögreglumenn staddir í löggæzlubifreið R 8534 við vegamót Vesturlandsvegur og Bæjarháls. Sáu þeir þá, hvar bifreiðinni R 1003 var ekið töluvert greitt norður Bæjarháls að nefndum gatnamótum. Bifreiðinni var þar beygt til vinstri og ekið með örtvaxandi hraða

í átt til borgarinnar. Lögreglumenn veittu bifreið þessari eftirför í löggæzlubifreiðinni, og er komið var í hallann austan Elliða-  
áa, náðu lögreglumenn að halda jöfnu bili milli bifreiðanna, og  
sýndi hraðamælir lögreglubifreiðarinnar þá 90 km miðað við klst.  
Er bifreiðin R 1003 kom að Elliðaárbrú, var lítið eitt dregið af  
hraða hennar samkvæmt skýrslum lögreglu, en hraðinn var síð-  
an aukinn verulega og ekið fram úr bifreið, sem þá var stödd  
við gatnamót Elliðavogar. Var bifreiðinni R 1003 nú ekið á mikl-  
um hraða fram hjá gatnamótunum eftir vinstri akrein og áfram  
vestur Miklubraut. Lögreglumönnum tókzt að halda í við bif-  
reiðina, og sýndi hraðamælir lögreglubifreiðarinnar, að nú var  
hraðinn 110 km miðað við klukkustund. Lögreglumönnum tókzt  
loks að stöðva akstur bifreiðarinnar R 1003 nokkuð fyrir vestan  
mót Réttarholtsvegar. Ökumaður bifreiðarinnar reyndist vera  
ákærði í máli þessu, Stefán Ingólfsson. Aðspurður af lögreglu á  
vettvangi kvaðst ákærði ekki hafa fylgzt með hraðamæli bif-  
reiðar sinnar umræddan vegarspotta. Þegar umræddur akstur  
ákærða fór fram, var veður þurrt og bjart í lofti, vegur þurr og  
auður, náttmyrkur og léleg lýsing við akbraut, en lítil umferð.

Að framanlýstum akstri ákærða loknum var hann færður á lög-  
reglustöðina fyrir varðstjóra, er taldi rétt að svipta ákærða öku-  
réttindum sínum til bráðabirgða. Ákærða var jafnframt gert að  
mæta hjá fulltrúa lögreglustjóra næsta mánudag, eða 18. janúar  
1971. Ákærði mætti þá fyrir lögregluvarðstjóra og viðurkenndi  
þar að hafa ekið með allt að 90 km hraða í umrætt skipti um  
Elliðaárbrekku. Fulltrúa lögreglustjóra þótti eigi alveg næg á-  
stæða til að viðhafa bráðabirgðasviptingu gagnvart ákærða, og  
varð ákæra því afhent ökuskírteini að nýju.

Hinn 5. febrúar 1971 var ákærða sent bréf og gefinn þess  
kostur að ljúka máli sínu án dómsmeðferðar gegn greiðslu sekt-  
ar að upphæð 1.300 krónur. Ákærði sinnti ekki sektarboði lög-  
reglu.

Hinn 25. október 1971 kom ákærði fyrir dóm og skýrði þá svo  
frá, að hann hefði ekið niður Ártúnsbrekku laugardagskvöldið  
16. janúar 1971 með um það bil 90 km hraða miðað við klukku-  
stund. En ákærði kveðst í brekkunni hafa lítið á hraðamæli bif-  
reiðar sinnar. Ákærði hefur þá skýrt svo frá, að er hann hafi  
komið að brúnni yfir árnar, hafi hann hægt ferðina vegna þess,  
að hann vissi, að hæðarmunur var á götunni á brúargólfinu.  
Ákærði viðurkenndi að hafa ekið fram úr annarri bifreið á brúnni  
eftir því, sem að hann taldi. Þá hefur ákærði skýrt svo frá, að er

hann var kominn yfir brúna og fram hjá gatnamótum Elliðavogs og Miklubrautar, hafi hann aukið hraða bifreiðar sinnar lítils háttar, en ákærði hefur ekki getað greint frá því, hversu hratt hann ók þá, en telur, að hraðinn geti ekki hafa verið meiri en 90 km miðað við klukkustund. Ákærði skýrði að lokum frá því fyrir dómi, að hann hefði ekki litið á hraðamæli bifreiðar sinnar, eftir að hann leit á hann í Ártúnsbrekkunni í umrætt skipti. Lögreglumenn þeir er handtóku ákærða eftir akstur hans 16. janúar 1971 hafa báðir komið fyrir dóm sem vitni.

Vitnið Sigurður Viðar Benjamínsson, lögregluþjónn nr. 94, Jörvaþakka 8 hér í borg, kvaðst fyrir dómi muna vel eftir atvikum málsins og hafi þeir lögregluþjónarnir verið í eftirlitsbifreiðinni skammt austan við Bæjarháls, er þeir sáu bifreið ákærða, sem ekið var hratt í átt til borgarinnar. Þeir hafi elt bifreið ákærða og tekizt að mæla hraða hennar tvívegis. Ekki mundi vitnið með nákvæmni, með hvaða hraða var ekið, en minnir, að hraðinn hafi verið um það bil 100 km miðað við klukkustund. Hraðamælingin hafi farið fram á þann hátt, að jöfnu bili hafi verið haldið á milli ökutækjanna og hraðinn lesinn þá af hraðamæli eftirlitsbifreiðarinnar.

Vitnið Steinþór Ingebrekt Nygaard, lögregluþjónn nr. 64, Vígólástíg 7, Kópavogi, hefur skýrt frá atvikum á svipaðan hátt og vitnið Sigurður Viðar, þannig að hraði bifreiðar ákærða hafi tvívegis verið mældur. Í fyrra skiptið hafi hraðamælir lögreglubifreiðarinnar sýnt 90 km miðað við klukkustund, en í síðara skiptið 110 km miðað við klukkustund.

Mælingin hafi verið framkvæmd á þann hátt að halda jöfnu bili milli bifreiða. Vitnið kvaðst fyrir dómi ekki muna, hve langt bil hafi verið milli bifreiðanna, er framangreind mæling fór fram, en hefur þó tekið fram, að föst regla sé hjá því í sambandi við slíkar hraðamælingar að geta þeirra ekki sérstaklega í skýrslum, ef bilið milli bifreiða sé svo langt, að orkað geti tvímælis, að mæling sé nákvæm.

Hámarkshraði á vegarspotta þeim, er hraðamæling lögreglumannanna fór fram á, var 60 km miðað við klukkustund, er atvik máls þessa urðu.

Hefur nú verið rakið það helzta, er fram kom við rannsókn máls þessa.

Sannað þykir í máli þessu með játningu ákærða sjálfs fyrir dómi, framburðum vitnanna Sigurðar Viðars Benjamínssonar og Steinþórs Ingebrekts Nygaards, að ákærði hafi ekið bifreið sinni

R 1003 langt yfir lögleyfðan hámarkshraða laugardagskvöldið 16. janúar 1971, er hann ók um Elliðaárbrekku og vestur Miklubraut, enda þótt dómurinn telji, að ekki sé unnt með fullkominni nákvæmni að ákvarða hraða bifreiðar ákærða þá, þegar höfð er í huga mælingaraðferð og aðstæður allar við hraðamælinguna í umrætt skipti.

Þykir ákærði með framferði sínu hafa gerzt brotlegur við þau lagaákvæði, sem rakin eru í ákæru saksóknara frá 21. janúar síðastliðnum.

Ákærði hefur hlotið refsingar sem hér segir:

1965 19/2 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir umferðarlaga-brot.

1966 3/5 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot gegn 48. gr. umferðarlaga.

1968 25/ í Reykjavík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot gegn 50. gr. umferðarlaga.

Refsing ákærða ákveðst 3.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 2 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Í ákæruskjali saksóknara hefur þess verið krafizt, að ákærði yrði með dómi sviptur ökuréttindum sínum samkvæmt 81. gr. umferðarlaga.

Þegar litið er til þess, að ákærði ók bifreið sinni í umrætt skipti við allgóð ökuskipti, í lítilli umferð um breiðgötu, þar sem tæpast má vænta gangandi vegfarenda, þykir ekki alveg næg ástæða að gera ákærða ökuréttindasviptingu með dómi þessum, og er því kröfu saksóknara um slíka sviptingu hafnað í máli þessu.

Svo sem lyktir máls þessa hafa orðið, ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

#### Dómsorð:

Ákærði, Stefán Ingólfsson, greiði 3.000 króna sekt til ríkissjóðs, en sæti varðhaldi í 2 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.